

LISTIR

Verk um gægjur

Verkin minna á tvö skákborð en í hvoru eru 64 ljósmyndir teknar í búningsklefum Sundhallarinnar í Reykjavík. Á sýningu Roni Horn, sem er hluti af Listahátíð og var opnuð á Kjarvalsstöðum í liðinni viku, notar listakonan enn og aftur íslenskan efnivið í verk, sem hún sagði **Einari Fal Ingólfssyni** að hefðu kynferðislegar tilvísanir en hylltu einnig arkitektinn.

Verkin tvö hanga gegnt hvort öðru og ljósmyndirnar 128 kallast á, það er eins og verkin spegli hvert annað en samt er alltaf einhver munur á þeim myndum sem speglast. Sýninguna kallar Roni Horn „Her, Her, Her and Her“ og myndefnið ætti að vera kunnuglegt þeim sem lagt hafa leið sína í Sundhöll Reykjavíkur, sem Guðjón Samúelsson hannaði á árunum 1929 til 1937. Ljósmyndirnar eru allar teknar í búningsklefum laugarinnar, sem er afar sérstakt rými; þröngir gangar milli klefa þar sem gægjugar er á hurðum og allt lagt hvítum flisum.

Roni Horn, sem eytt hefur hluta ársins á Íslandi allar götur síðan snemma á áttunda áratugnum, og hefur sótt efnivið ótal verka til landsins, gat ekki verið við opnun sýningarinnar þar sem hún vinnur að uppsetningu á stóru verki í listasafni Chicagoborgar. Hún hefur áður unnið myndröð þar sem myndefnið er íslenskar sundlaugar og þá hefur hún fjallað sérstaklega um arkitektúr Guðjóns Samúelssonar, í myndum og texta. En þegar við ræddum saman í síma, þar sem hún var á göngu um götur Chicago, sagði hún Guðjón sem slíkan alls ekki vera hluta af viðfangsefninu, það væri einfaldlega margt við þennan arkitektúr sem hefði vakið athygli sína.

„Sem Íslendingur veist þú að þarna er sundlaug en fólk sem sér þessi verk annars staðar hefur ekki hugmynd um að það er laug þarna nálægt,“ segir Roni. „Það er ekkert sem bendir á laugar, þú sérð bara búningsklefa, skápa; þetta gæti ver-

ið geðveikrahæli.

Verkið er um þennan arkitektúr, þetta völuarhús, kynferðislegar vísanir og furður þessa umhverfis. Þetta er verk um gægjur, það að gægjast.“

– Þú ljósmyndar gægjugötin.

„Gægjugötin eru Guðjóns. En hver sem horfir á þennan arkitektúr hlýtur að velta því fyrir sér hvað þessi gægjugöt eru að gera þarna. Ég hef ekki fundið neinn sem hefur getað gefið mér svar sem dregur úr forvitni minni. Gægjugötin eru lykll að því að mig langaði til að gera þetta verk. Og augljóslega eiginleiki völuarhússins, tilfinningin fyrir nánast stærðfræðilegum hreinleika rýmisins. Samruni vísinda og kynferðislegra vísana er mjög áhugaverður í þessu rými. Þá er hálfgerður feluleikur í því hvernig rýmið er ljósmyndað. Ég var með myndavélina og fylgdist með afar hægri umferðinni. Aðeins lítill hluti myndanna sýnir fólk sem ég þekki. Á myndunum er einfaldlega það sem gerðist þar sem ég fylgdist með ferðum fólks um rýmið.“

– Þegar ljósmyndirnar renna svona saman les fólk þær á allt annan hátt en þegar einhverjar þeirra sáust fyrst stakar, sem verk á bak-síðu Lesbókar Morgunblaðsins fyrir nokkrum misserum.

„Þá var verkið ekki til. Ég var bara að nota filmurnar. Þó þetta sé

sama efnið er ekkert beint samband þar á milli. Þetta er einfaldlega hráefni sem ég á í förum mínum og hef verið að vinna úr.

Ég dái þetta rými augljóslega, og Lesbókin var gott tækifæri fyrir mig til að koma því á framfæri opinberlega. Á einu sviði er verkið *homage* til rýmisins, en á öðru sviði hefur þetta ekkert með það að gera. Fyrir áhorfanda sem þekkir rýmið ekki í raun, er innihaldið allt annað.“


– Þetta er svo furðulegt rými, eins og það birtist samansett í verkinu, að einhverjum kann að koma í hug að það sé byggt sérstaklega fyrir myndatökuna.

„Já, það er athyglisvert. En fyrir þann sem þekkir það, er verkið eins og hugsun um skipulagið í rýminu eins og það er í raun. Það er ekki bókstafleg endurgerð en hugsunin er til staðar.


Maður fær líka á tilfinninguna, án þess að ég hafi haft hugmynd um hvort svo hafi verið, að Guðjón hafi verið skákmaður. Það er þessháttar kerfishugsun sem virðist hafa farið í hönnu rýmisins. Ég veit ekki alveg hvers vegna, en þetta er eins og birtingarmynd margs þess besta sem ég sé við Ísland. Það kynferðislega, skákvísunin, og áþreifanleg gæði þessa umhverfis.“

– Þegar horft er á gægjugötin á sumum myndanna, er eins og horft sé ofan á það á skákborði.

„Það má horfa á þetta þannig, en



Roni Horn



ég var meira að hugsa um mann-ganginn og síðan hvernig maður fer um þetta rými. Ég setti það síðan saman með tilvísun í skákborð.“

– En hvað ertu að gera í Chicago? „Ég er að setja upp stóra sýningu hérna, í The Art Institute of Chicago. Hún opnar 25. maí. Þetta er mjög stór innsetning sem fer um sali með verkum í eigu safnsins, þar sem hanga aðallega evrópsk mál-



verk. Þetta er útgáfa af myndröðinni „Some Thames“, sem ég vann í London fyrir nokkrum árum, en önnur útgáfa verksins er í Háskólanum á Akureyri. Þetta hefur verið áhugaverð vinna hér, en á sama tíma og mitt verk fer upp er verið að setja upp verk eftir Pollock, Morandi, Picasso...það gengur mikið á.“

efi@mbl.is

Í DAG

Listasafn Íslands kl. 12.10–12.40 Hádegisleiðsögn um sýninguna Í nærmynd/Close-up. Á sýningunni eru verk eftir alla helstu samtímalistamenn Bandaríkjanna. Listamennirnir eru að fjalla um þann margvíslega veruleika sem maðurinn lifir í og neytir. **Norræna húsið kl. 20** Magdalena Olga Dubik, fiðla, Júlía Traustadóttir, fiðla, Mark Reedman, selló og Catherine María Stankiewicz, selló flytja Kvartett í d-moll, D-810, Dauðinn og stúlkan í fjórum þáttum eftir Franz Schubert. Tónleikarnir eru á vegum Tónlistarskólans í Reykjavík. **Kaffi Reykjavík kl. 21** Skáldaspírukvöldin, sem Benedikt S.

Lafleur og Gunnar Randversson skipuleggja, verða eftirléiðis á Kaffi Reykjavík. Í kvöld er 10. Skáldaspírukvöldið og munu skáldin Einar Már Guðmundsson, Einar Kárason, Halldóra Thoróddsen, Birgitta Jónsdóttir, Sæbjörn Brynjarsson og Steinunn Gunnlaugsdóttir lesa úr verkum sínum. **Sparisjóður Garðabæjar, Garðatorgi** Eva P. Haraldsdóttir opnar myndlistasýningu, aðallega myndir unnar í olíu, krít og akrýl. Eva er fædd 30. apríl 1954 á Akureyri, en hefur búið í Reykjavík undanfarið 30 ár, hún er kennari í Seljaskóla. Eva hefur sótt ýmis námskeið í myndlist. Sýningin stendur fram eftir sumri.



Afmælisveisla

Þér er boðið!

Sjálfstæðisflokkurinn fagnar 75 ára afmæli í dag, þriðjudaginn 25. maí.

Af því tilefni verður efnt til afmælisveislu á Hótel Nordica, Suðurlandsbraut 2, Reykjavík, kl. 17-19 í dag þar sem sjálfstæðismenn munu gleðjast saman.

Dagskrá hefst kl. 17.30.

- Óperusöngvararnir Sigrún Hjálmtýsdóttir og Bergþór Pálsson syngja við undirleik Jónasar Ingimundarsonar.
- Formaður Sjálfstæðisflokksins, Davíð Oddsson, forsætisráðherra, flytur ávarp.
- Veitingar í boði.

Afmælisdagskráin verður send út beint á heimasíðu Sjálfstæðisflokksins, www.xd.is. Útsendingin hefst kl. 17.30.

Allir velkomnir.



Sjálfstæðisflokkurinn

Háaleitisbraut 1
105 Reykjavík
sími 515 1700
www.xd.is